

Alþingi  
Erindi nr. P 141/157  
komudagur 11.10.2012

Til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins  
Fjármálaráðuneytisins  
Fjárlaganefndar Alþingis  
Alþingismanna  
Leiklistarsambands Íslands  
og annarra sem málið varða

199. mál

Góðan daginn gott fólk.

Í dag mun mennta- og menningarmálaráðherra væntanlega tala fyrir nýju frumvarpi til sviðlistalaga á Alþingi Íslendinga. Eftir að hafa kynnt sér frumvarpið vill Bandalag íslenskra leikfélaga benda á eftirfarandi:

**Í frumvarpinu hverfur starfsemi áhugaleikhússins sporlaust, ekki er stafrók þar að finna sem viðurkennir tilvist þess í sviðslistaflórunni. Þetta teljum við með öllu ólíðandi og krefjumst þess að athugasemd okkar við frumvarpsdrögin frá 29.10. 2011 verði tekin til greina en hún er svohljóðandi:**

*Viðbót við 18. gr. Sviðslistasjódur.*

**Alþingi veitir einnig árlega fé til starfsemi áhugaleikfélaga og Bandalags íslenskra leikfélaga.**

Og við viljum að enn fremur verið hnekkð á hlutverki Bandalagsins þegar um fjárframlög til starfsemi áhugaleikfélaga ræðir með þessari viðbót:

**Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga gerir tillögu til ráðherra um úthlutun ráðstöfunarfjár til starfsemi áhugaleikfélaga.**

***Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði 5.-6. maí 2012 ályktaði:***

*Starf áhugafólks að listsköpun er mikilvægur þáttur í öllum heilbrigðum samfélögum. Það á ekki síst við um listgreinar þar sem hópar fólks vinna að sameiginlegri rannsókn og tjáningu á mannlífni, listgreinar á borð við leikhúsið.*

*Það er almennt viðurkennt að íslenskt áhugaleikhús er miðlægt í íslenskrri leiklist og íslenskrri menningu. Stór hluti Íslendinga á sína fyrstu snertingu við töfra leikhússins meðal áhugamanna, hvort heldur er sem áhorfendur eða þátttakendur.*

*Með þátttöku í starfi áhugaleikfélaga eflist fólk í skilningi á samfélagi sínu. Samskiptahæfni skerpist, hæfileikinn til að setja sig í spor annarra þroskast. Í leikhúsi áhugamanna starfar fólk hlið við hlið að sameiginlegu marki, einstaklingar með ólíkan bakgrunn, í mismunandi aðstæðum og úr öllum starfsstéttum. Slik samvinna er óendanlega dýrmæt, ekki síst við aðstæður eins og ríkja núna á Íslandi.*

*Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga, haldinn á Ísafirði 5-6. maí 2012 hvetur stjórnvöld til að standa vörð um listsköpun áhugamanna og áhugaleikhúsið sérstaklega. Skerðingar á fjárstuðningi undanfarin ár draga mátt úr hreyfingunni og rýra möguleika áhugaleikhússins til að eflast og þroskast.*

*Fjárveitingar til starfseminnar vega ekki þungt fyrir ríkissjóð en skipta sköpum fyrir þetta mikilvæga grasrótastarf sem hefur svo margt dýrmætt til málanna að leggja.*

F.h. stjórnar Bandalagsins,

Vilborg Á. Valgarðsdóttir  
framkvæmdastjóri  
Bandalags íslenskra leikfélaga  
Kleppsmýrarvegi 8  
104 Reykjavík